

Kaldrananeshreppur
Þórður Már Sigfússon
Holtagötu
520 Drangsnæs

Reykjavík 10. nóvember 2020
UST202011-072/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030 og deiliskipulag í landi Hvamms.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kaldrananeshrepps er barst 6. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 og nýju deiliskipulagi í landi Hvamms.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að 9,5 spilda sem er skilgreind sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi, verður breytt í frístundabyggð og svæði fyrir ferðaþjónustu. Auk þess kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir fimm frístundahús, sex hús undir ferðaþjónustu og lóð fyrir allt að 200 m² íbúðarhús.

Trjágróður

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt landupplýsingagögnum frá Skógræktinni (www.skogur.is) er náttúrulegt birki skilgreint á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar falla undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáнар, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæðsp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að svæðið er á afgirtu ræktuðu landi og nágrenni, þar sem unnið hefur verið að trjáplöntun undanfarin ár.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og lyngmóavist á láglandi sem eru með mjög hátt og miðlungs verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.


Fráveita

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir rotþróum og siturlögnum fyrir húsin. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur